

ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆÐSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

112. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 18. maí 2010 kl. 16:00 í fundarsal Ráðhúss Húnaþings vestra.

Dagskrá:

1. Viðræður við skólastjóra Tónlistarskóla V-Hún.
2. Viðræður við skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra. (Kl. 16:30)

Afgreiðslur:

1. Elínborg Sigurgeirsdóttir, skólastjóri Tónlistarskóla V-Hún. er mætt til fundarins. Fór hún yfir starfsemi tónlistarskólans nú á vorönn. Ekki liggja fyrir upplýsingar um nemendafjölda fyrir komandi haust. Vortónleikar skólans hafa farið fram í þessum mánuði og hafa þeir heppnast mjög vel. Í vor hafa verið tekin þrjú grunnpróf, tíu fyrstastigspróf og tvö annars stigspróf við skólann. Fræðsluráð þakkar Elínborgu skólastjóra og starfsfólki tónlistarskólans fyrir gott samstarf á kjörtímabilinu sem er að ljúka.
2. Sigurður Þór Ágústsson, skólastjóri grunnskóla, lagði fram drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2010-2011. Skóladagar nemenda eru 180 á skólaárinu, starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru 5, starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8. Fræðsluráð samþykkir skóladagatalið. Sigurður lagði einnig fram yfirlit um forföll starfsmanna skólans frá ágúst 2009 - maí 2010. Samkvæmt yfirliti hans er kostnaður við greidd forföll um 2,9 millj. kr. og sparnaður við ómönnuð forföll um 2,2 millj. kr. Þá greindi skólastjóri frá breytingum á starfsmannahaldi fyrir komandi skólaár. Vegna fæðingarorlofa verða Sigrún Dögg Pétursdóttir og Hjördís Ósk Óskarsdóttir ráðnar tímabundið til kennslu næsta skólaár. Fræðsluráð samþykkir tímabundna ráðningu umræddra kennara.
Fræðsluráð þakkar Sigurði skólastjóra, starfsfólki skólans og fulltrúa skólaráðs fyrir gott samstarf á kjörtímabilinu sem er að ljúka.

Pálína Fanney Skúladóttir og Ragnheiður Sveinsdóttir sátu fundinn af hálfu starfsmanna grunnskólans.

Ína Björk Ársælsdóttir sat fundinn sem fulltrúi foreldra.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:15

Guðmundur Ísfeld(sign.),
Gísli Már Arnarsson(sign.),
Elín Jóna Rósinberg(sign.).

Skúli Þórðarson(sign.),
Guðrún Elín Benónýsdóttir(sign.),